

# Skýrsla Orkustofnunar 2015 um starfsemi raforkueftirlits



Höfundar:

Sigurður H. Magnússon  
Harpa Þórunn Pétursdóttir  
Hannes Arnórsson  
Magnús Júlíusson  
Rakel Jensdóttir  
Sílja Rán Sigurðardóttir

OS-2015/03

## Skýrsla Orkustofnunar 2015 um starfsemi raforkueftirlits

**Sigurður H. Magnússon**  
**Harpa Þórunn Pétursdóttir**  
**Hannes Arnórsson**  
**Magnús Júlíusson**  
**Rakel Jensdóttir**  
**Silja Rán Sigurðardóttir**

*Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti*

**OS-2015/03**

978-9979-68-354-4

**Orkustofnun**

Orkugarður • Grensásvegji 9 • 108 Reykjavík • Sími 569 6000 • Fax: 568 8896 • [os@os.is](mailto:os@os.is) • [www.os.is](http://www.os.is)



<b>Skýrsla nr.:</b> OS-2015-03	<b>Dags.:</b> 21.08.2015	<b>Dreifing:</b> Opin x Lokuð
		<b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits		<b>Upplag:</b> 10
		<b>Fjöldi síðna:</b> 24
<b>Höfundar:</b> Sigurður H. Magnússon Harpa Þórunn Pétursdóttir Hannes Arnórsson Magnús Júlíusson Rakel Jensdóttir Silja Rán Sigurðardóttir		<b>Verkefnisstjóri:</b> Sigurður H Magnússon
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Framvinduskýrsla		<b>Verknúmer:</b> 412-7040
<b>Unnið fyrir:</b> Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Samkvæmt, 2. mgr. 31. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, og 4. gr. reglugerðar um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt raforkulögum, nr. 466/2003, skal Orkustofnun gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli raforkulaga. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar sem lýtur að eftirlitsþáttum með raforkufyrirtækjum, rekstrarumfangi vegna ársins 2014, áætluðu og endurskoðuðu rekstrarumfangi vegna ársins 2015 og áætlun um kostnað vegna eftirlitsins árið 2016.		
<b>Lykilorð:</b> Raforkueftirlit, samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, raforkulög, upprunaábyrgðir	<b>ISBN-númer:</b> 978-9979-68-354-4	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> <i>Sigurður H. Magnússon</i>	
	<b>Yfirfarið af:</b> <i>Rakel Jensdóttir</i>	



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>2</b>	<b>ATHUGASEMDIR SAMRÁÐSNEFNDAR EFTIRLITS-SKYLDRA AÐILA</b> .....	<b>7</b>
2.1	Fjármagni ekki kostað vegna upprunavottorða og virkjanaleyfa .....	8
2.2	Endurskoðun bókhaldsgagna .....	8
2.3	Hagræðingarkrafa .....	8
<b>3</b>	<b>MARKMIÐ RAFORKUEFTIRLITS</b> .....	<b>8</b>
<b>4</b>	<b>STARFSEMI RAFORKUEFTIRLITS</b> .....	<b>8</b>
<b>5</b>	<b>VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS</b> .....	<b>10</b>
5.1	Söfnun bókhaldsgagna .....	11
5.2	Setning og uppgjör tekjumarka .....	11
5.3	Sértækt eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum .....	12
5.4	Almennt eftirlit sérleyfisfyrirtækja .....	12
5.5	Aðskilnaður sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi.....	12
5.6	Hagræðingarkrafa .....	13
5.7	Mál fyrir úrskurðarnefndum.....	13
5.7.1	Orkuveita Reykjavíkur – Leyfð arðsemi .....	13
5.7.2	Landsvirkjun – Leyfð arðsemi.....	14
5.7.3	Samál– Leyfð arðsemi .....	14
5.7.4	HS Orka – Leyfð arðsemi .....	14
5.7.5	HS Veitur – Leyfð arðsemi.....	14
5.7.6	Landsnet hf. – Kæra vegna gjaldskrár .....	15
5.7.7	Landsnet hf. – Leyfð arðsemi og hagræðingarkrafa .....	15
5.7.8	A kærði Orkustofnun – Aðgangur að upplýsingum .....	15
5.7.9	Norðurál – Kæra vegna gjaldskrár Landsnets .....	15
5.7.10	A – Stjórnslukæra - Samskipti .....	16
5.7.11	Norðurál – Tekjumörk Landsnets fyrir árin 2011-2015 .....	16
<b>5.8</b>	<b>Leiðbeiningar á vefsíðu Orkustofnunar</b> .....	<b>16</b>
<b>5.9</b>	<b>Leyfisveitingar</b> .....	<b>16</b>
5.9.1	Raforkuflutningsvirki milli Hellu og Hvolsvallar .....	16
5.9.2	Raforkuflutningsvirki milli Selfoss og Þorlákshafnar .....	17
<b>5.10</b>	<b>Erlent samstarf</b> .....	<b>17</b>
<b>5.11</b>	<b>Fyrirspurnir og kvartanir</b> .....	<b>17</b>
<b>5.12</b>	<b>Upprunaábyrgðir</b> .....	<b>18</b>
<b>6</b>	<b>REKSTARÁÆTLUN RAFORKUEFTIRLITSINS</b> .....	<b>18</b>
6.1	Raforkueftirlitsgjald.....	19
6.2	Gjaldtaka á grundvelli 31. gr. raforkulaga .....	19
6.3	Nýting raforkueftirlitsgjalds.....	19
6.4	Rekstrarumfang raforkueftirlits árið 2014 .....	20
6.5	Yfirlit fyrir árin 2011 til 2016 .....	20
6.6	Kostnaður raforkueftirlits .....	21
6.6.1	Vinnuþáttur OS [b1] .....	21
6.6.2	Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður [b2].....	21
6.7	Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2015 .....	21

**Töflur:**

Tafla 1.	Samandregnar niðurstöður yfir tekjur og kostnað 2014.....	7
Tafla 2.	Verkefni raforkueftirlits. Skipting eftir vinnustundum.....	9
Tafla 3.	Uppgjör tekjumarka dreifiveitna fyrir árið 2011.....	11
Tafla 4.	Uppgjör tekjumarka dreifiveitna fyrir árið 2012.....	11
Tafla 5.	Uppgjör tekjumarka dreifiveitna fyrir árið 2013.....	11
Tafla 6.	Uppgjör flutningsfyrirtækis fyrir árin 2011 til 2013 .....	11
Tafla 7.	Yfirlit yfir fjölda kvartana og fyrirspurna árin 2012 til 2014.....	17
Tafla 8.	Yfirlit yfir kostnað vegna upprunaábyrgða.....	18
Tafla 9.	Tekjur og gjöld 2014.....	20
Tafla 10.	Yfirlit yfir árin 2011 til 2016.....	20

**Viðaukar:**

Viðauki A - Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila	22
--	----

# 1 INNGANGUR

Orkustofnun skal skv. 2. mgr. 31. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, með síðari breytingum, gefa ráðherra skýrslu fyrir 15. september ár hvert um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laganna. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár.

Verður hér gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar, sem lýtur að eftirlitsþáttum með raforkufyrirtækjum vegna árána 2012 til og með 2014. Auk þess fylgir endurskoðun á rekstraráætlun vegna ársins 2015 og áætlun fyrir árið 2016.

Yfirlit yfir kostnað vegna upprunaábyrgða er í kafla 4.12.

Kostnaður vegna eftirlits með upprunaábyrgðum var u.þ.b. 2,4 m.kr. á árinu 2014 og er áætlað að hann verði svipaður á árunum 2015 og 2016. Kostnaður vegna upprunaábyrgða var 5,0 m.kr. á árinu 2013 og hefur því lækkað um 2,6 m.kr. á milli ára en ólíklegt er að hann lækki enn frekar á næstu árum. Kostnaður vegna upprunaábyrgða er sérstaklega tilgreindur í kafla 4.12 en er að öðru leyti ekki tilgreindur í öðrum samantektum varðandi upplýsingar um vinnuþátt eða kostnað.

Nú liggur uppgjör vegna reksturs raforkueftirlits árið 2014 fyrir og nam kostnaður við rekstur eftirlitsins 105,2 m.kr. Tekjur raforkueftirlits á árinu 2014 voru 103,3 m.kr. Tap er á rekstri raforkueftirlits á árinu 2014 en það skýrist m.a. af auknu vinnuframlagi en á móti hafa útgjöld lækkað milli ára. Ekki er búist við að afgangur verði á rekstri eftirlitsins á næstu árum.

Samandregnar niðurstöður fyrir árið 2014 sjást í töflu 1. Sjá nánari sundurliðun fyrir vinnuþátt í kafla 4 og önnur gjöld í kafla 5.4.

Tafla 1. Samandregnar niðurstöður yfir tekjur og kostnað 2013 og 2014 [þ.kr.]

Texti	Upphæð	Upphæð	Mism. kr.
	2014	2013	2014-2013
Tekjur.....	103.279	100.260	3.019
Vinnuþáttur OS.....	-91.751	-76.949	14.802
Önnur gjöld.....	-13.455	-15.949	-2.494
Mismunur.....	-1.926	7.362	9.288

Samkvæmt raforkulögum greiðir flutningsfyrirtæki 0,4 auro á hverja kWst af raforku sem mötuð er inn á flutningskerfið og dreifiveitur 1 eyri á hverja kWst af þeirri raforku sem móttækin er frá flutningskerfi eða beint frá virkjun.

Athygli er vakin á því að enginn gjaldstofn er til staðar fyrir eftirlit með upprunaábyrgðum til að standa undir lögbundnu eftirliti Orkustofnunar með útgáfu þeirra.

## 2 ATHUGASEMDIR SAMRÁÐSNEFNDAR EFTIRLITS-SKYLDRA AÐILA

Í þessum kafla koma fram skýringar raforkueftirlits Orkustofnunar vegna umsagnar samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila við drög að skýrslu stofnunarinnar en þar sem slík umsögn skal fylgja skýrslunni fær nefndin drög að skýrslunni áður en hún er gefin út.



## **2.1 Fjármagni ekki kostað vegna upprunavottorða og virkjanaleyfa**

Varðandi athugasemdir samráðsnefndar vegna kostnaðar vegna upprunavottorða og virkjanaleyfa áréttar Orkustofnun að kostnaði vegna upprunaábyrgða er haldið utan við kostnað vegna raforkueftirlits. Halli hvers árs og þ.a.l. uppsafnaður halli er algerlega fyrir utan kostnað vegna upprunaábyrgða. Ef kostnaður vegna upprunaábyrgða væri í heildarniðurstöðu raforkueftirlits væri bæði niðurstaða hvers árs lægri og uppsafnaður halli meiri. Í skýrslunni eru því raunniðurstöður sem eingöngu lúta að lögbundnu hlutverki raforkueftirlits Orkustofnunar.

Það má koma því á framfæri að sérstök sundurliðun varðandi kostnað vegna upprunaábyrgða kom fyrst fram í skýrslu Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits fyrir árið 2013. Var það gert vegna athugasemda og að beiðni samráðsnefndar.

Í skýrsludrögunum undir kaflanum „Leyfisveitingar“ voru fyrir utan leyfi vegna flutningsmannvirkja, tilgreind leyfi vegna varaflstöðvar að Ásbrú Reykjanesi og einnig leyfi fyrir tvær vindrafstöðvar í Þykkvabæ í Rangárþingi ytra. Samráðsnefndin gerir athugasemd við þessi leyfi og telur að vinna við virkjunarleyfi sé ekki hluti af starfsemi raforkueftirlits. Orkustofnun tekur undir þessa athugasemd samráðsnefndarinnar og er því sammála að vinna við útgáfu virkjunarleyfa tilheyri ekki starfsemi raforkueftirlits. Við nánari skoðun kom í ljós að um að ræða vinnu við útgáfu leyfanna heldur var um að ræða vinnu vegna umsagnar raforkueftirlits vegna þessara umsókna. Vegna þessarar athugasemda samráðsnefndar hefur Orkustofnun farið yfir verklagið varðandi þessar umsagnir og skerpt á verklagsreglum og skráningu vinnu á verknúmer vegna umsókna um virkjunarleyfa. Einnig eru ofangreind leyfi ekki tilgreind lengur í kaflanum.

## **2.2 Endurskoðun bókhaldsgagna**

Samráðsnefnd ítrekar ábendingu um að ekki sé þörf hjá Orkustofnun að láta yfirfara bókhaldsgögn af endurskoðunarfyriertæki. Þessi ábending þarfnast ekki leiðréttingar í skýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

## **2.3 Hagræðingarkrafa**

Undir þessum lið gerir samráðsnefndin ákveðnar athugasemdir en tilgreinir að þær athugasemdir krefjist ekki breytinga á skýrslunni.

## **3 MARKMIÐ RAFORKUEFTIRLITS**

Markmið raforkueftirlits er að veita sérleyfisfyriertækjum, sem annast flutning og dreifingu raforku, aðhald til að tryggja að raforkunotendur búi við afhendingaröryggi á raforku gegn sanngjörnu verði. Til að ná fram því markmiði eru leyfðar tekjur fyrirtækjanna ákvarðaðar, lögum samkvæmt, með setningu og uppgjöri tekjumarka. Til að tryggja að öðrum markmiðum raforkulaga sé fullnægt, vinnur raforkueftirlit Orkustofnunar að uppbyggingu á eftirliti með öðrum þáttum raforkulaga.

## **4 STARFSEMI RAFORKUEFTIRLITS**

Tveir nýir starfsmenn hófu störf í ársbyrjun 2014. Um var að ræða stöðu sérfræðings í hagfræði raforkumála og sérfræðings í verkfræði raforkumála.

Á árinu 2014 störfuðu þrír sérfræðingar og lögfræðingur, sem jafnframt var verkefnastjóri, við raforkueftirlit Orkustofnunar. Sumarið 2014 var ráðinn einn sumarstarfsmaður. Aðrir starfsmenn Orkustofnunar leggja raforkueftirlitinu lið ef þess gerist þörf. Vinna við upprunaábyrgðir hefur minnkað mjög mikið eða úr 415 klukkustundum á árinu 2013 í 193 klukkustundir á árinu 2014. Í fjárlögum er ekki gert ráð fyrir sérstökum framlögum til Orkustofnunar vegna vinnu við upprunaábyrgðir.

Þá var á árinu 2014 verklagi breytt varðandi tölfræði og með því hefur tekist að minnka vinnu við gerð tölfræði og gera hana meira sjálfvirka.

Átak var gert varðandi þátttöku starfsmanna raforkueftirlits á námskeiðum. Í sundurliðunum í skýrslunni er því bætt við tímafjölda og kostnað vegna námskeiða.

Eitt af viðamiklu verkefnum Orkustofnunar á síðastliðnu ári var vinna vegna arðsemiskröfu sem hefur reynst mun tímafreakara en gert var ráð fyrir í upphafi.

Hlutverk starfsmanna og áherslur á mismunandi þætti starfsins munu þróast og breytast á tímabilinu, en verkefni starfsmanna eru í grundvallaratriðum eftirfarandi:

**Verkefnisstjóri raforkueftirlits** sér um verkstjórn, stefnumótun og eftirfylgni með áætlun um eflingu raforkueftirlits. Yfirmsjón með endurskoðun verkferla, leiðbeininga og þróun gæðakerfis er einnig á ábyrgð verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri skipuleggur úttektir og tekur þátt í þeim eftir því sem við á og tryggir formlegt fyrirkomulag samskipta og skipuleggur framsetningu gagna á vef með upplýsingafulltrúa. Samningar um aðkeypta þjónustu, samstarf og samvinna við innlenda og erlenda aðila um raforkueftirlitsmál eru á ábyrgð verkefnisstjóra svo og kostnaðaráætlun og skýrslugerð um starfsemi raforkueftirlitsins. Með breytingu á starfsemi raforkueftirlits þann 1. janúar 2014 hefur lögfræðingur raforkueftirlits einnig gegnt stöðu verkefnastjóra.

**Sérfræðingar** vinna meðal annars að setningu og uppgjöri tekjumarkna svo og þróun og viðhaldi verkferla, leiðbeininga og gæðakerfis vegna þessarar vinnu. Í tengslum við þá vinnu endurskoða þessir starfsmenn gagnaskil eftirlitsskyldra aðila með það að markmiði að tryggja fullnægjandi upplýsingar til grundvallar samanburðagreiningar og hagræðingarkröfu á hendur þeim. Einnig vinna þeir að þróun annarra verkferla þ.á.m. vegna framkvæmdar úttekta og skýrslugerðar vegna þessa.

**Lögfræðingur/-ar** sér um lagalega túlkun og umgjörð allra formlegra erinda raforkueftirlits. Lögfræðingur fylgist með þróun verklagsreglna til að tryggja að lagalegum og stjórnsýslulegum skilyrðum sé fullnægt. Lögfræðingur er einnig til aðstoðar við val og framsetningu gagna á vef til að tryggja að lögformlegum skilyrðum sé fullnægt og að trúnaður gagnvart eftirlitsskyldum aðilum sé ekki brotinn. Lögfræðingur þróar stöðluð erindi og bréf sem hluta af gæðakerfi og samræmir aðgerðir sem gripið er til gagnvart eftirlitsskyldum aðilum ef lagaskilyrðum er ekki fullnægt.

Fleiri tilfallandi verkefnum er sinnt af starfsmönnum raforkueftirlitsins eins og rýni laga og reglugerða og innleiðing á laga- og reglugerðarbreytingum inn í verklagsreglur og gæðakerfi stofnunarinnar. Auk þess svara starfsmenn fyrirspurnum, kvörtunum og öðrum erindum sem berast raforkueftirlitinu.

Raforkueftirlitið nýtir alla stoðþjónustu Orkustofnunar eins og yfirstjórn, skjalavörslu, bókhald, fundaraðstöðu og upplýsingafulltrúa svo að eitthvað sé nefnt og er kostnaður vegna starfsaðstöðu og stoðþjónustu innifalinn í tímagjaldi starfsmanna raforkueftirlits.

## 5 VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS

Verkefni raforkueftirlits eru afar fjölbreytileg og ekki alltaf fyrirsjáanleg. Stærstu málaflokkarnir varða raforkueftirlit almennt sem varðar óskiptanlegan vinnuþátt, greiningu og úttekt ásamt vinnu vegna tekjumarka.

Tafla 2. Verkefni raforkueftirlits árið 2014, skipt eftir fjölda vinnustunda

Nr.	Texti	Hlutf.	Fjöldi tíma
1.	Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.....	3,7%	301
2.	Tekjumörk.....	14,2%	1.160
3.	Greining og úttekt.....	14,2%	1.162
4.	Raforkueftirlit, Almenn.....	35,9%	2.932
5.	Öflun gagna og miðlun upplýsinga.....	10,7%	873
6.	Raforkuspá.....	0,9%	75
7.	Alþjóðleg samvinna.....	3,2%	259
8.	Innlend samvinna.....	0,9%	77
9.	WACC.....	8,3%	682
10.	Lögfræðileg mál, kærur ofl.....	5,5%	449
11.	Ráðstefnur.....	0,5%	44
12.	Námskeið.....	1,9%	156
	<b>Samtals.....</b>	<b>100,0%</b>	<b>8.169</b>

**Liðurinn “Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna”** varðar útgáfu leyfa, á grundvelli 2. mgr. 9. gr. raforkulaga en þar er kveðið á um að flutningsfyrirtækjum beri að óska leyfis frá Orkustofnun fyrir nýjum raflinum sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærrí. Á undanförunum árum hefur fjöldi slíkra mála farið mjög vaxandi.

**Liðurinn “Tekjumörk”** varðar setningu og uppgjör tekjumarka eftirlitsskyldra aðila.

**Liðurinn “Greiningar og úttekt”** varðar framkvæmd ýmissa úttekta. Sumar úttektir eru framkvæmdar með því að kalla eftir upplýsingum um ákveðna þætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila eins og t.d. skömmtunarreglur. Engin úttekt var framkvæmd á árinu 2014 en á árinu 2013 var framkvæmd ein úttekt. Undir þennan lið heyrir einnig vinna varðandi gæði raforku og afhendingaröryggi sem felst m.a. í upplýsingaöflun og úrvinnslu varðandi framangreinda þætti. Þrátt fyrir að engin úttekt hafi farið fram á árinu 2014 breytist tímalíðurinn ekki mikið. Skýringin er sú að aukin vinna var lögð í bókhaldslegan aðskilnað dreifiveitna.

**Liðurinn “Raforkueftirlit, almennt”** varðar ýmis tilfallandi verk starfsmanna eins og samskipti í tölvupósti og ýmsa innri starfsemi sem ekki tengist einu verkefni sérstaklega.

**Liðurinn “Öflun gagna og miðlun upplýsinga”** varðar öflun gagna, úrvinnslu á þeim og birtingu á tölfræðilegum upplýsingum um raforkumál, auk skýrslugerðar um þau mál fyrir innlendar og erlendar stofnanir.

**Liðurinn „Raforkuspá“** varðar vinnu Orkustofnunar í raforkuhóp orkuspárnefndar.

**Liðurinn “Alþjóðleg samvinna”** varðar þá vinnu sem starfsmenn raforkueftirlits hafa tekið þátt í vegna alþjóðlegs samstarf.

**Liðurinn „Innlend samvinna“** varðar fundi með innlendum aðilum um raforkueftirlitismál eins og t.d. samráðshópi eftirlitsskyldra aðila.

**Liðurinn “WACC”** varðar vinnu Orkustofnunar varðandi leyfða arðsemi.

**Liðurinn “Lögfræðilega mál, kærur ofl.”** varðar vinnu orkustofnunar við ýmis lögfræðileg mál en kærumál eru stór hluti af skráðum tíma á þennan verklið.

**Liðurinn “Ráðstefnur”** varðar þátttöku raforkueftirlits á innlendum og erlendum ráðstefnum.

**Liðurinn “Námskeið”** varðar þann tíma sem starfsmenn raforkueftirlits hafa tekið þátt í námskeiðum og endurmenntun.

## 5.1 Söfnun bókhaldsgagna

Eins og verklagsreglur Orkustofnunar segja til um var bókhalds- og tækniupplýsinga fyrir árið 2014 aflagð vorið 2015. Bókhaldsgögnin eru yfirfarin af endurskoðunarfyrtæki til að staðfesta að þau séu í samræmi við ársreikninga fyrirtækjanna og að færsla kostnaðar sé í samræmi við raforkulög.

Starfsemi veitufyrirtækjanna er að nokkru leyti ólík sem og umfang starfsemi þeirra. Oftast eru fyrirtækin einnig með aðra starfsemi s.s. sölu á heitu og köldu vatni. Raforkulög gera ráð fyrir aðskilnaði bókhalds raforkufyrirtækja milli framleiðslu, dreifingar og sölu raforku. Bókhald fyrirtækjanna þarf að endurspegla ólíka þætti starfseminnar svo að Orkustofnun geti gegnt hlutverki sínu.

Þeim fyrirtækjum sem um ræðir er ekki gert að skila Orkustofnun ársreikningum fyrr en 1. maí ár hvert þannig að öll vinna raforkueftirlits við rýni á gögnum frá eftirlitsskildum aðilum, vinna endurskoðenda og uppgjör tekjumarka dreifiveitna, verður að eiga sér stað á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst. Uppgjör tekjumarka flutningsfyrirtækis skal vera lokið 1. ágúst.

## 5.2 Setning og uppgjör tekjumarka

Núverandi tekjumarkatímabil tekur til árána 2011 til 2015. Fyrir 15. september 2015 skal Orkustofnun hafa lokið setningu nýrra tekjumarka fyrir árin 2016 til 2020.

Eftirfarandi eru dagsetningar á uppgjóri á tekjumörkum hjá dreifiveitum vegna árána 2011 til og með 2013.

*Tafla 3. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna fyrir árið 2011*

<b>Dreifiveita</b>	<b>Dagsetning uppgjors</b>
HS Veitur	4.12.2012
Norðurorka	19.11.2012
Orkubú Vestfjarða	22.3.2013
Orkuveita Reykjavíkur	4.12.2012
Orkuveita Húsavíkur	4.12.2012
Rafveita Reyðarfjarðar	28.5.2013
RARIK	19.11.2012

Tafla 4. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna fyrir árið 2012

Dreifiveita	Dagsetning uppgjors
HS Veitur	19.9.2013
Norðurorka	2.10.2013
Orkubú Vestfjarða	19.9.2013
Orkuveita Reykjavíkur	2.10.2013
Rafveita Reyðarfjarðar	1.9.2013
RARIK	20.9.2013

Tafla 5. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna fyrir árið 2013

Dreifiveita	Dagsetning uppgjors
HS Veitur	29.8.2014
Norðurorka	19.9.2014
Orkubú Vestfjarða	30.9.2014
Orkuveita Reykjavíkur	19.9.2014
Rafveita Reyðarfjarðar	19.9.2014
RARIK	29.8.2014

Tafla 6. Uppgjör tekjumarka flutningsfyrirtækis fyrir árin 2011 til 2013

Flutningsfyrirtæki - Uppgjör tekjumarka	Dagsetning uppgjors
Landsnet 2011	19.3.2014
Landsnet 2012	19.3.2014
Landsnet 2013	1.8.2014

Ef breyting verður á arðsemi [WACC] þarf að fara í vinnu við að breyta uppgjörum frá og með árinu 2011 fyrir Landsnet og mögulega frá 2013 fyrir dreifiveitur en það ræðst af lagalegum þáttum.

### 5.3 Sértekt eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum

Einn af eftirlitþáttum Orkustofnunar felst í sértæku eftirliti þar sem mögulega eru gerðar ákveðnar sértækar og ítarlega úttektir. Sem dæmi um slíkt sértækt eftirlit má m.a. nefna úttekt Orkustofnunar á eignastofni einnar dreifiveitu á árinu 2013. Engin sértæk úttekt var gerð á árinu 2014.

### 5.4 Almennt eftirlit sérleyfisfyrirtækja

Til þessa hefur eftirlit með starfsemi sérleyfisfyrirtækja að mestu einskorðast við eftirlit í formi fyrirspurna um einstaka þætti í starfsemi sérleyfisfyrirtækja.

### 5.5 Aðskilnaður sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi

Samkvæmt 2-4. málsl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er meðal annars kveðið á um að dreifiveitum, þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæði eru 10.000 eða fleiri, sé óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að rækja skyldur sínar samkvæmt lögum. Dreifiveitu er þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Gildistöku ákvæðisins hefur verið frestað nokkuð en ákvæðið tók gildi þann 1. janúar 2014, sbr. 6. gr. laga nr. 175/2011.

Undirbúningur fyrir setningu reglugerðar vegna aðskilnaðar sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi hélt áfram á árinu 2014. Ekki tókst að ljúka við verkefnið á árinu 2014.

## 5.6 Hagræðingarkrafa

Mikilvægur þáttur í framkvæmd raforkulaga og virku raforkueftirliti er að hægt sé að meta stöðu flutningsfyrirtækis og dreifiveitna innbyrðis sem og hvort hagræðing eigi sér stað í rekstri þeirra. Til að efla raforkueftirlit enn frekar verður aðferðafræði þessara mála endurskoðuð. Meta þarf hvaða gögn þurfi að berast stofnuninni og á hvaða formi þau skuli vera, með það að markmiði að þessi vinna geti nýst sem best.

Samkvæmt nýjum raforkulögum þarf talsvert langan aðdraganda að því að fyrirtækjum sé sett hagræðingarkrafa, en hana skal ákvarða að fengnu álitni sérfróðra aðila. Ekki var unnt að setja fram hagræðingarkröfu fyrir yfirstandandi tekjumarkatímabil, þar sem það hafði þegar hafist þegar lögin tóku gildi. Mismunandi hagræðingarkrafa getur gilt fyrir hvert fyrirtæki.

Núverandi tekjumarkatímabili lýkur árið 2015 og setning nýrra tekjumarka fyrir tímabilið 2016 til og með 2020 skal liggja fyrir 15. september árið 2015. Undirbúningur að setningu slíkrar hagræðingarkröfu er þegar hafinn. Athygli er vakin á því að hagræðingarkrafa getur verið 0 en einnig jákvæð eða neikvæð.

## 5.7 Mál fyrir úrskurðarnefndum

Úrskurðarnefnd raforkumála er skipuð á grundvelli 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur skipað eftirtalda aðila í nefndina frá 1. júlí 2011 til 30. júní 2015.

<u>Nefndarmenn eru:</u>	<u>Varamenn eru:</u>
Pétur Örn Sverrisson lögmaður, formaður	Viðar Lúðvíksson, hrl., varaformaður
Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur	Helga Harðardóttir, löggiltur endurskoðandi
Sandra Franks, stjórn málafræðingur	Ragnar J. Jónsson, löggiltur endurskoðandi

Úrskurðarnefndinni er ætlað það hlutverk að úrskurða um kærur sem henni berast vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna. Úrskurði í heild sinni má sjá á [www.urskurdir.is](http://www.urskurdir.is).

Þann 31. maí 2015 hafði úrskurðarnefnd raforkumála engin mál til afgreiðslu. Eftirfarandi er yfirlit yfir úrskurði nefndarinnar vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á árinu 2014:

### 5.7.1 Orkuveita Reykjavíkur – Leyfð arðsemi

Stjórnsýslukæra Orkuveitur Reykjavíkur hf. vegna ákvörðunar Orkustofnunar um tekjumörk dreifiveitna fyrir tímabilið 2011-2015 – Mál nr. 2012 110009

Með bréfi dags. 5. nóvember 2012 kærir Orkuveita Reykjavíkur Orkustofnun ákvörðun Orkustofnunar frá 2. október 2012 um tekjumörk dreifiveituhluta Orkuveitur Reykjavíkur fyrir tímabilið 2011-2015.

Niðurstaða nefndarinnar í tilgreindu máli, dags. 12. febrúar 2014, er að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi og lagt er fyrir Orkustofnun að taka nýja ákvörðun að fengnu nýju mati sérfróðra aðila sbr. 2. tölul. 3. mgr. 12. gr. raforkulaga.

### **5.7.2 Landsvirkjun – Leyfð arðsemi**

Landsvirkjun kærði ákvörðun Orkustofnunar vegna leyfðrar arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna Raforku – Mál nr. 2012 110012

Með bréfi dags. 31. október 2013 kærir Landsvirkjun ákvörðun Orkustofnunar um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna raforku fyrir tekjumarkatímabilið 2011-2015, dags. 1. október 2012. Landsvirkjun krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir Orkustofnun að taka nýja ákvörðun í samræmi við 12. og 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003, með síðar breytingum. Með úrskurði dags. 11. febrúar 2014 var ákvörðun Orkustofnunar felld úr gildi og lagt er fyrir Orkustofnun að taka nýja ákvörðun að fengnu nýju mati sérfróðra aðila, sbr. 2. tölulið 3. mgr. 12. gr. raforkulaga.

### **5.7.3 Samál– Leyfð arðsemi**

Stjórnsýslukæra Samtaka álframleiðenda á Íslandi vegna ákvörðunar orkumálastjóra um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna raforku fyrir tekjumarkatímabilið 2011-2015– Mál nr. 2012 110015

Niðurstaða nefndarinnar frá 11. júní 2014 í tilgreindu máli er að hafna kröfum kæranda að öðru leyti en því að fella hinar kærðu ákvarðanir úr gildi og lagt er fyrir Orkustofnun að taka nýjar ákvarðanir.

### **5.7.4 HS Orka – Leyfð arðsemi**

HS Orka kærir ákvörðun Orkustofnunar um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. – Mál nr. 2013 010022

Orkustofnun barst erindi úrskurðarnefndar raforkumála, þann 2. janúar 2013, þess efnis að nefndinni hefði, þann 3. desember 2012, borist kæra HS Orku hf. vegna ákvörðunar Orkustofnunar um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. Í kærinni er þess krafist að ákvörðun orkumálastjóra um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis raforku fyrir tekjumarkatímabili 2011-2015 verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir Orkustofnun að taka nýja ákvörðun. Fram kemur í kærinni að HS Orka hafi kynnt sér stjórnsýslukæru Samáls og tekur HS Orka undir kröfugerð og rökstuðning Samáls í öllum meginatriðum.

Þann 11. febrúar 2014 barst Orkustofnun úrskurður nefndarinnar en hann var á þá leið að hin kærða ákvörðun væri felld úr gildi og lagt fyrir stofnunina að taka nýja ákvörðun að fengnu nýju mati sérfróðra aðila, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 12. gr. raforkulaga.

Þegar þessi skýrsla er skrifuð hafa drög að nýrri ákvörðun í málinu verið kynnt aðilum til andmæla.

### **5.7.5 HS Veitur – Leyfð arðsemi**

HS Veitur kæra ákvörðun Orkustofnunar um tekjumörk dreifiveitna fyrir tímabilið 2011-2015 – Mál nr. 2013 010023

Orkustofnun barst erindi úrskurðarnefndar raforkumála, dags. 2. janúar 2013, þess efnis að nefndinni hefði þann 23. nóvember 2012 borist kæra HS Veitna vegna ákvörðunar Orkustofnunar um tekjumörk dreifiveitna fyrir tímabilið 2011-2015. Þar er gerð sú krafa að ákvörðun Orkustofnunar verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir stofnunina að leggja tiltekin sjónarmið til grundvallar við ákvörðun um arðsemi á sjónarmiðum fyrirtækisins um eigið fé, beta gildi og landsálag.

Orkustofnun barst úrskurður nefndarinnar þann 11. febrúar 2014 en í honum er kveðið á um að felld væri úr gildi ákvörðun stofnunarinnar og lagt fyrir hana að taka ákvörðun að nýju að fengnu mati sérfróðra aðila, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 12. gr. raforkulaga.

Þegar þessi skýrsla er skrifuð hafa drög að nýrri ákvörðun í málinu verið kynnt aðilum til andmæla.

#### **5.7.6 Landsnet hf. – Kæra vegna gjaldskrár**

Landsnet hf. kærir ákvörðun Orkustofnunar vegna hækkunar flutningsfyrirtækisins á gjaldskrá – Mál nr. 2013 020007

Þann 5. febrúar 2013 barst Orkustofnun erindi úrskurðarnefndar raforkumála þess efnis að Landsnet hf. hefði kært ákvörðun stofnunarinnar vegna hækkunar flutningsfyrirtækisins á gjaldskrá. Er þar með kærð ákvörðun stofnunarinnar, dags. 21. desember 2012, að heimila ekki hækkun á gjaldskrá vegna flutnings til dreifiveitna.

Kæran var felld niður 31. október 2014.

#### **5.7.7 Landsnet hf. – Leyfð arðsemi og hagræðingarkrafa**

Landsnet hf. kærir ákvarðanir Orkustofnunar vegna uppgjörstekjumarka 2006-2009 um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu – Mál nr. 2013 020008

Orkustofnun barst erindi úrskurðarnefndar raforkumála þann 5. febrúar 2013 þess efnis að kærðar hefðu verið ákvarðanir stofnunarinnar, dags. 19. og 20. desember 2012, er varða uppgjörstekjumarka 2006-2009 og ákvörðun um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu fyrir tímabilið.

Úrskurður nefndarinnar barst Orkustofnun þann 10. júní 2014 þar sem kröfum kæranda er hafnað en stofnuninni þó gert að yfirfara rekstur Landsnets hf. fyrir umrædd ár og kanna hvort raunhagræðing hafi náðst í rekstri fyrirtækisins á hverju ári fyrir sig. Komi í ljós að raunhagræðing hafi náðst beri að hækka arðsemisviðmið vegna flutningsraforku til dreifiveitna í samsvarandi þrepum.

Við gerð þessarar skýrslu var málið á ný til meðferðar hjá Orkustofnun. (Lokið apríl 2015 – Ekki kært)

#### **5.7.8 A kærði Orkustofnun – Aðgangur að upplýsingum**

A kærði Orkustofnun vegna ákvörðunar Orkustofnunar varðandi neitum um aðgang að upplýsingum – Mál nr. 2013 050005

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2013, er með vísan til 5. mgr. 9 gr. raforkulaga nr. 65/2003 kærð ákvörðun Orkustofnunar, dags. 29. janúar 2013, um að synja kæranda að öllu leyti aðgangi að gögnum Landsnets hf. sem lúta að kostnaðaráætlun Landsnets hf. frá 2008 fyrir 200 kV jarðstreng frá Blöndustöð til Akureyrar. Í úrskurði dags. 24. júní 2014 var bæði aðalkröfu varðandi aðgang og varakröfu um að A yrði veittur aðgangur að upplýsingum að hluta hafnað.

#### **5.7.9 Norðurál – Kæra vegna gjaldskrár Landsnets**

Norðurál kærir ákvörðun Orkustofnunar vegna gjaldskrár Landsnets – Mál nr. 2014 02005 – Lokið 2015

Með bréfi dags. 31. janúar 2014, kærir Norðurál Grundartangi ehf. ákvörðun Orkustofnunar um staðfestingu gjaldskrár Landsnets hf. fyrir flutning og raforku og kerfisþjónustu nr. 17 sem tók gildi 1. febrúar 2014. Af hálfu kæranda er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi. Úrskurðað var í málinu í febrúar 2015. Kærinni var vísað frá úrskurðanefnd raforkumála.



### **5.7.10 A – Stjórnsýslukæra - Samskipti**

Stjórnsýslukæra vegna ákvörðunar Orkustofnunar um samskipti RARIK og A – Mál nr. 2014 020006

A kærði ákvörðun Orkustofnunar þann 9. janúar 2014 um að aðhafast ekki frekar vegna kvörtunar kæranda um samskipti hans við RARIK

Með úrskurði, dags. 26. september 2014, var kröfu kæranda um niðurfellingu uppgjorsreiknings, uppsetningu nýrra aflestramæla raforku við hús kærandans eftir því sem kærandi selur þau og um tilfærslu á núverandi aflestrarmæli að einu húsi kæranda á landssvæði hans hafnað. Þá var kröfu kæranda um endurgreiðslu meintra oftekinna gjalda og lækkun gjaldskrár hafnað. Vísað er frá nefndinni ágreiningi um leigu fyrir landnotkun.

### **5.7.11 Norðurál – Tekjumörk Landsnets fyrir árin 2011-2015**

Norðurál kærir ákvörðun Orkustofnunar um tekjumörk Landsnets fyrir árin 2011-2015 – Mál nr. 2014 040021 – Lokið 2015

Með bréfi dags. 9. apríl 2014 kærir Norðurál Grundartangi ehf. ákvörðun Orkustofnunar um tekjumörk flutningsfyrirtækisins fyrir tekjumarkatímabilið 2011-2015. Af hálfu kæranda er þess krafist að ákvörðunin verði felld úrgildi og lagt fyrir Orkustofnun að taka nýja ákvörðun í samræmi við 12, og 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum.

Úrskurðað var í málinu þann 24. febrúar 2015 og var kærinni vísað frá úrskurðanefnd raforkumála

## **5.8 Leiðbeiningar á vefsíðu Orkustofnunar**

Orkustofnun hefur tekið saman margs konar leiðbeiningar sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar. Engar nýjar leiðbeiningar voru gefnar út á árinu 2014. Núgildandi leiðbeiningar stofnunarinnar má finna á vefsíðunni: <http://www.orkustofnun.is/raforka/raforkueftirlit/leidbeiningar/>

## **5.9 Leyfisveitingar**

Í 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003 var kveðið á um að flutningsfyrirtæki beri að sækja um leyfi til Orkustofnunar fyrir nýjum raflínnum sem flytji raforku á 66 kV spennu eða hærri. Sótt var um eftirtalin leyfi á árinu 2014.

Rétt er að geta þess að þann 28. maí tóku gildi breytingar á raforkulögum sem snúa að kerfisáætlun flutningsfyrirtækis. Samhliða þessum breytingum voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi leyfisveitinga vegna nýrra flutningsvirkja. Eftir breytingarnar þarf eingöngu að tilkynna Orkustofnun um ný flutningsvirki áður en þau eru tekin í notkun. Eftir sem áður þarf þó að sækja um leyfi Orkustofnunar ef ný flutningsvirki eru ekki hluti af framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar sem samþykkt hefur verið af Orkustofnun.

### **5.9.1 Raforkuflutningsvirki milli Hellu og Hvolsvallar**

Landsnet óskaði eftir leyfi til að reisa 66 kV raforkuflutningsvirki milli, Hellu og Hvolsvallar í Rangárþingi ytra og Rangárþingi Eystra. Umbeðið leyfi var veitt 1. október 2014.

### 5.9.2 Raforkuflutningsvirki milli Selfoss og Þorlákshafnar

Landsnet óskaði eftir leyfi til að reisa 66 kV raforkuflutningsvirkis milli, Selfoss og Þorlákshafnar í Árborg og Ölfusi. Um er að ræða leyfi fyrir að leggja 66 kV jarðstreng ásamt viðbótar rofabúnaði. Leyfið var veitt 1. ágúst 2014.

### 5.10 Erlent samstarf

Orkustofnun hefur verið aðili að NordREG en undanfarin ár hafa verkefni NordREG tengst innri markaði Skandinavíu, þ.e. Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og er meginhluti þeirrar vinnu í nánun tengslum við Norrænu ráðherranefndina. Rétt er þó að nefna að upp á síðkastið hefur innan NordREG verið lögð meiri áhersla á aðferðarfræði við fjárhagsþætti eftirlits, eignamat, afskriftir og arðsemi svo og aukna neytendavernd í samræmi við þriðju raforkutilskipun Evrópusambandsins. Í maí 2014 fóru fjórir starfsmenn raforkueftirlits á námskeið sem haldið var af NordReg í Finnlandi. Aðalefni námskeiðsins voru samanburðarfræði (e. benchmarking).

Ásamt Landsneti er Orkustofnun þátttakandi í samstarfi eftirlitsaðila og flutningskerfa á Norðurlöndum vegna viðbragða í vá, þ.e. NordBER (Nordisk Beredskapsforum). Orkustofnun hefur einnig verið þátttakandi í vinnuhópi um greiningu á áhættu og viðkvæmni gagnvart hvers konar vá fyrir flutningskerfið.

### 5.11 Fyrirspurnir og kvartanir

Í raforkutilskipun Evrópusambandsins er m.a. kveðið á um að halda skuli skrá utan um fyrirspurnir og kvartanir. Stundum er ekki alveg ljóst hvort um kvörtun eða fyrirspurn er að ræða og mögulega hefur verið tilhneiging til þess að flokka erindi frekar sem fyrirspurnir en kvartanir ef um vafamál er að ræða.

Árlega berast allnokkrar fyrirspurnir og kvartanir til Orkustofnunar, sem lúta að raforkueftirliti. Flestar þeirra tengjast verðskrá og gjaldtöku svo og túlkun á reglugerðarákvæðum. Til þess að létta á álagi vegna fyrirspurna varðandi tölfræði hefur Orkustofnun leitast við að birta upplýsingar um ýmsa tölfræði á heimasíðu sinni í upphafi árs.

Á árinu 2014 bárust fjórar kvartanir og 43 fyrirspurnir.

Tafla 7. Yfirlit yfir fjölda kvartana og fyrirspurna árin 2011 til 2014

Ár	Fjöldi kvartana	Fjöldi fyrirspurna	Samtals
2011	7	15	22
2012	2	25	27
2013	9	49	58
2014	4	43	47

#### Kvartanir fjölluðum um:

- ✓ Mögulegar bætur vegna rafmagnsleysis í ákveðnu sveitarfélagi.
- ✓ Kröfu um skiptingu tekna á raforkumarkaði milli stórnotenda annars vegar og almenna markaðarins.
- ✓ Ágreining um innheimtu rafmagnsreiknings aftur í tímann.
- ✓ Kvörtun vegna þess að ákveðin dreifiveita hætti að bjóða upp á smáheimtaugar.

#### Fyrirspurnir fjölluðu m.a. um:

- ✓ Tölfræði.

- ✓ Framleiðslutölur v/raforkuframleiðslu.
- ✓ Val á raforkusala.
- ✓ Gjaldskrármál.
- ✓ Tekjumörk.
- ✓ Orkukostnað.
- ✓ Upprunaábyrgðir.
- ✓ Niðurgreiðslur t.d. vegna rafmagnsnotkunar á köldum svæðum.
- ✓ Heimtaugar.
- ✓ Rafmagnsmæla/aflestur, m.a. mikil notkun (hár uppgjörreikningur).
- ✓ Innheimtumál/uppgjörsmál v/rafmagnsreikninga.

## 5.12 Upprunaábyrgðir

Framleiðendum raforku er heimilt að gefa út og selja svokallaðar upprunaábyrgðir fyrir þá orku sem þeir framleiða á vistvænan hátt. Markmiðið er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og stuðla þannig að aukinni umhverfisvitund. Kaupendur upprunaábyrgða geta þá selt notendum vottaða raforku. Fyrirtæki sem kaupa slíkar upprunaábyrgðir geta þannig vottað að við framleiðslu sinnar vöru hafi eingöngu verið notuð vistvæn orka.

Samkvæmt lögum nr. 30/2008 um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og reglugerð nr. 757/2012 um birtingu upplýsinga sem eru tengdar upprunaábyrgðum raforku, er Orkustofnun falið ákveðið eftirlitshlutverk. Hlutverk Orkustofnunar er m.a. fólgið í því að stofnunin staðfestir form upprunaábyrgða, sem Landsnet hf. gefur út. Einnig heldur Orkustofnun utan um aðrar upplýsingar sem koma frá Landsneti hf.

Orkustofnun ber að gefa út almenna og sértæka yfirlýsingu, ef hún á við, þar sem reiknuð er út samsetning uppruna afhentar raforku á Íslandi fyrir 1. júní ár hvert. Við útreikning á samsetningu uppruna afhentar raforku á Íslandi er tekið mið af seldum upprunaábyrgðum til annarra landa ásamt upprunaábyrgðum sem fluttar eru inn, seldar og notaðar á Íslandi. Heldur minna var selt af upprunaábyrgðum á árinu 2014 miðað við árið 2013. Nánari upplýsingar um upprunaábyrgðir og almenna og sértæka yfirlýsingu eru aðgengilegar á heimasíðu Orkustofnunar undir Raforka/Raforkunotandinn/Uppruni raforku (<http://www.os.is/yfirflokkur/raforkunotandinn/uppruni-raforku/>).

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir kostnað við upprunaábyrgðir. Skráðir eru 193 tímar á verkefnið. Annar kostnaður er vegna vinnufundar í Brussel.

Tafla 8. Yfirlit yfir kostnað vegna upprunaábyrgða [þ.kr.]

Texti	[þús. kr.]
Vinnuþáttur OS.....	2.162
Annar kostnaður.....	225
<b>Samtals.....</b>	<b>2.387</b>

## 6 REKSTARÁÆTLUN RAFORKUEFTIRLITSINS

Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, dagsett 3. júlí 2015, fylgir með skýrslunni í viðauka A. Orkustofnun hefur kynnt sér álit hinna eftirlitsskyldu aðila og í kafla 2. eru skýringar Orkustofnunar við athugasemdir samráðshópsins. Auk forsendna fyrir rekstraráætlun ársins 2015 og 2016 og tillagna um álagningu eftirlitsgjalds á því ári er í skýrslu þessari að finna stutta greinargerð um rekstur

raforkueftirlitsins á árunum 2011 til og með 2014 og umfjöllun um endurskoðun rekstraráætlunar vegna ársins 2014.

## 6.1 Raforkueftirlitsgjald

Fjármögnun raforkueftirlits er grundvölluð á 31. gr. raforkulaga en í greindu ákvæði er kveðið á um að Orkustofnun skuli innheimta fyrir ríkissjóð eftirlitsgjöld. Er flutningsfyrirtæki gert að greiða sem nemur 0,4 aukum fyrir hverja kWst af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið en dreifiveitum sem nemi 1 eyri á hverja kWst af þeirri raforku sem er móttækin frá flutningskerfi eða beint frá virkjun.

Fyrir árið 2014 samsvöruðu tekjur af þessum gjöldum: 103,3 m.kr. Ef gert er ráð fyrir 1,9% aukningu í flutningi og dreifingu raforku á milli ára má reikna með að tekjur raforkueftirlits árið 2015 verði 105,2 m.kr. og 107,2 m.kr. fyrir árið 2016.

## 6.2 Gjaldtaka á grundvelli 31. gr. raforkulaga

Raforkueftirlitsgjaldið er reiknað út frá áætluðum rekstrarkostnaði vegna eftirlits raforkueftirlitsins á grundvelli raforkulaganna. Um er að ræða lögboðið gjald fyrir eftirlit. Eftirlitsgjaldið er reiknað út frá áætluðum kostnaði af eftirliti og er því byggt á svipuðum sjónarmiðum og um þjónustugjöld. Hins vegar vildi löggjafinn ekki ákvarða hreint þjónustugjald þar sem kostnaður við raforkueftirlit er breytilegur eftir árum og jafnvel mánuðum.

Fjöldmörg mál og eftirlitsverkefni raforkueftirlitsins eru almenns eðlis og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaðinn í heild, sama á við um verkefni sem varða innri starfsemi eftirlitsins. Í samræmi við þessi sjónarmið hefur löggjafinn gert ráð fyrir því í 2. mgr. 31. gr. raforkulaga að orkumálastjóri gefi skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað á hverju ári og að lagt sé mat á það hver þróun eftirlitsins hefur verið síðast liðin 3 árin.

## 6.3 Nýting raforkueftirlitsgjalds

Notendur greiða á endanum raforkueftirlitsgjaldið sem innheimt er skv. 31. gr. raforkulaga enda er það inni í tekjumörkum sérleyfisfyrirtækjanna. Í samræmi við athugasemdir með frumvarpi til raforkulaga fellur meginþungi eftirlitsins undir eftirlit með flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum en einskorðast ekki við þessa aðila heldur snýr einnig að vinnslufyrirtækjum. Þessi skilningur fær einnig stöð í úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála nr. 1/2010.

Kveðið er á um eftirlit með starfsemi samkvæmt raforkulögum í 24. gr. laganna:

*„Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum.“*

Í 28. gr. raforkulaga er einnig tekið fram að Orkustofnun hafi eftirlit með því að vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitur uppfylli kröfur um gæði og afhendingaröryggi sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

## 6.4 Rekstrarumfang raforkueftirlits árið 2014

Í meðfylgjandi töflu sést sundurliðun á kostnaði raforkueftirlits eftir verkefnaflokkum.

Tafla 9. Tekjur og gjöld 2014 [p.kr.]

	Texti	Upphæð	Hlutfall
<b>A</b>	<b>Tekjur</b>	<b>103.279</b>	
<b>B</b>	<b>Vinnuþáttur OS</b>	<b>91.751</b>	
<b>C</b>	<b>Gjöld</b>		
	<b>Nr.</b>	<b>Texti</b>	
	1.	Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.....	-1.271,1 -9,4%
	2.	Tekjumörk.....	-1.765 -13,1%
	3.	Greining og úttekt.....	1.476 11,0%
	4.	Raforkueftirlit, Almenn.....	136 1,0%
	5.	Öflun gagna og miðlun upplýsinga.....	1.590 11,8%
	6.	Raforkuspá.....	5.326 39,6%
	7.	Alþjóðleg samvinna.....	3.581 26,6%
	8.	Innlend samvinna.....	2 0,0%
	9.	WACC.....	2.369 17,6%
	10.	Lögfræðileg mál, kærur ofl.....	525 3,9%
	11.	Ráðstefnur.....	943 7,0%
	12.	Námskeið.....	543 4,0%
		<b>Samtals gjöld.....</b>	<b>13.455 100,0%</b>
<b>A-B-C</b>	<b>Mismunur.....</b>	<b>-1.926</b>	

Eins og áður hefur komið fram er vinnuþáttur eða kostnaður vegna upprunaábyrgða ekki innifalinn í ofangreindri töflu. Vinnuþáttur og kostnaður vegna upprunaábyrgða má sjá í kafla. 4.12 í töflu 8.

## 6.5 Yfirlit fyrir árin 2011 til 2016

Fyrir árin 2011 til 2014 eru tekjur og gjöld skv. rauntölum. Fyrir árin 2015 og 2016 eru bæði tekjur og gjöld áætluð.

Tafla 10. Yfirlit yfir árin 2011 til 2016 [p.kr.]

		2011	2012	2013	2014	2015	2016
	Vinnuframlag OS [klst.]	4.527	7.117	7.354	8.169	7.400	7.400
<b>A</b>	<b>Tekjur OS (raforkueftirlitsgjald)</b>	<b>48.500</b>	<b>98.341</b>	<b>100.260</b>	<b>103.279</b>	<b>105.200</b>	<b>107.200</b>
<b>B</b>	<b>Gjöld samtals</b>	<b>60.639</b>	<b>96.738</b>	<b>92.897</b>	<b>105.205</b>	<b>108.500</b>	<b>110.500</b>
b1	Vinna OS	50.845	75.660	76.949	91.751	92.000	94.000
b2	Aðkeypt þjónusta og annar kostn.	9.794	21.078	15.949	13.455	16.500	16.500
<b>A-B</b>	<b>Afgangur/-halli</b>	<b>-12.139</b>	<b>1.603</b>	<b>7.363</b>	<b>-1.926</b>	<b>-3.300</b>	<b>-3.300</b>
	Uppsafnað	-12.139	-10.536	-3.173	-5.099	-8.399	-11.699

## **6.6 Kostnaður raforkueftirlits**

### **6.6.1 Vinnuþáttur OS [b1].**

Fjöldi starfsmanna ræður mestu um helstu rekstrarstærðir raforkueftirlitsins, áætlað er að fjöldi ársverka aukist næstu ár. Þessu til stuðnings má m.a. benda á að Orkustofnun var á árin fengið nýtt verkefni í tengslum við kerfisáætlun vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á raforkulögum með lögum nr. 26/2015. Gert er ráð fyrir að á árinu 2015 starfi áfram þrjú sérfræðingar auk lögfræðings í fullu starfi við raforkueftirlit.

Tími orkumálastjóra og starfsmanna, sem sinna stoðþjónustu við raforkueftirlitið innan Orkustofnunar er ekki skráður sérstaklega á verknúmer raforkueftirlitsins. Kostnaður á hverja vinnustund innheldur kostnað vegna launtengdra gjalda, orlofs, veikindaréttar, yfirstjórnar, húsnæðis, vinnuáðstöðu, tölvu- og prentkostnaðar og allrar stoðþjónustu. Stoðþjónustan sem um er að ræða er meðal annars vegna, tækniþjónustu, skrifstofuhalds, rekstrar og bókhalds, skjalastjórnunar, símsvörunar, mötuneytis, fundaraðstöðu og bókasafns.

### **6.6.2 Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður [b2]**

Undir þessum lið er ýmis kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu, má þar nefna endurskoðun á bókhaldi eftirlitsskyldra aðila, nefnd til ákvörðunar á arðsemi fyrirtækjanna (WACC nefnd) ofl.

## **6.7 Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2015**

Samkvæmt 3. mgr. 31. gr. raforkulaga ber Orkustofnun að annast innheimtu gjalda til að standa undir kostnaði við eftirlit á grundvelli raforkulaga. Reiknað er með að kostnaður við raforkueftirlit Orkustofnunar verði sambærilegur árin 2015 og 2016. Því er lagt til að gjöld eftirlitsskyldra aðila verði óbreytt frá fyrra ári bæði hvað varðar dreifiveitur, sem í dag greiða 1,0 eyri á hverja kWst, svo og flutningsfyrirtækið Landsnet, sem í dag greiðir 0,4 auro á hverja kWst. Áætlaðar tekjur af eftirlitsgjaldi eftirlitsskyldra aðila yrðu því u.þ.b 105,2 m.kr. sem samsvarar áætluðum rekstrarkostnaði eftirlitsins vegna ársins 2015.

## Viðauki A – Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila

Orkustofnun  
Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

3. júlí 2015

*Varðar: Skýrsla Orkustofnunar um raforkueftirlit, OS-2015/02*

### **Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila**

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, sem starfar samkvæmt raforkulögum, hefur borist drög að skýrslu Orkustofnunar (OS) um raforkueftirlit. Samkvæmt ákvæðum raforkulaga skal skýrslunni fylgja umsögn nefndarinnar.

Nefndinni bárust skýrsludrögin til umsagnar þriðjudaginn 23. júní og áttu nefndarmenn góðan fund með starfsfólki OS þriðjudaginn 30. júní, þar sem efni draganna var m.a. kynnt og ýmis atriði útskýrð og rædd. Sem fyrir er nefndin almennt ánægð með efni og framsetningu skýrsludraganna.

### **Fjármagni ekki kostnað vegna upprunavottorða og virkjanaleyfa**

Í skýrsludrögunum kemur sem fyrir fram að raforkueftirlitsgjaldið, sem fyrirtæki í sérleyfisrekstri innheimta, er jafnframt nýtt til að standa straum af kostnaði OS vegna útgáfu upprunavottorða (sjá t.d. inngang á bls. 7), sem og af kostnaði sem tengist umsýslu með virkjanaleyfi (sjá kafla 5.3). Hér skal því ítrekuð sú afstaða nefndarinnar að óeðlilegt verði að teljast að gjaldtaka innheimt af sérleyfishluta raforkukerfisins sé með þessu móti látin standa undir kostnaði sem alfarið snýr að samkeppnishlutanum. Sem fyrir er jafnframt rétt að áréttu að þessi athugasemd felur ekki í sér gagnrýni á starfsemi OS eða á skýrsludrögin.

Kostnaður raforkueftirlitsins er sundurgreindur all ítarlega í töflum 2 og 9. Í báðum tilvikum er þó í þessari sundurliðun horft framhjá vinnu við eftirlit með útgáfu upprunavottorða og vinnu vegna virkjanaleyfa, en í töflu 8 er hins vegar fjallað um kostnað OS vegna upprunaábyrgða. Að mati nefndarinnar væri æskilegt að sundurliðanir í töflum 2 og 9 sýndu jafnframt hlut viðkomandi verkefna vegna upprunaábyrgða og virkjanaleyfa í starfinu, sem nefndin telur sem fyrir segir að eigi ekki að greiðast af viðkomandi gjaldi.

Loks, varðandi upprunaábyrgðirnar, telur nefndin að við töflu 10, sem sýnir m.a. uppsafnaðan halla af starfsemi raforkueftirlitsins, mætti taka fram að umræddan halla megi rekja til annarra verkefna á borð við eftirlit með útgáfu upprunavottorða.

1

### **Endurskoðun bókhaldsgagna**

Fram kemur í kafla 4.1 um söfnun bókhaldsgagna að þau eru yfirfarin af endurskoðunarfyrirtæki til að staðfesta að þau séu í samræmi við ársreikninga fyrirtækjanna og að færsla kostnaðar sé í samræmi við raforkulög. Í umsögn nefndarinnar, dags. 4. júlí 2014, um skýrsludrög OS 2014-01, kemur fram að nefndin telur rétt að skoða hvort þetta verklag feli e.t.v. í sér óþarfa kostnað. Lagði nefndin í umsögninni til að það yrði a.m.k. skoðað hvort ekki væri rétt að breyta þessu verklagi á þá lund að slík viðbótarendurskoðunarvinna verði keypt með einhverra ára fresti vegna gagna frá hverju fyrirtæki. Er þessi ábending itrekuð hér með.

### **Hagræðingarkrafa**

Í kafla 4.6. er fjallað um undirbúning að setningu hagræðingarkröfu fyrir næsta tekjumarkatímabil. Fram kemur í lok 2. mgr. að mismunandi hagræðingarkrafa geti gilt fyrir hvert fyrirtæki. Að mati nefndarinnar ætti þarna jafnframt að taka fram að slík krafa geti hvort sem er orðið jákvæð eða neikvæð. Þá skal hér itrekuð ósk nefndarinnar um að fyrirtækin fái einhvers konar aðkomu að mótun tillagna í þeim efnum, enda eðlilegt að fyrirtækin sem regluverkið snýr að fái tækifæri til að setja þar fram sjónarmið.

Á fundi nefndarinnar með starfsfólki OS þriðjudaginn 30. júní komu jafnframt fram nokkur atriði sem nefndin vill gjarnan halda til haga, þótt þau væri ekki beint efni skýrsludraganna sem hér eru til umfjöllunar:

1. WACC. Rætt var um núverandi fyrirkomulag og nýja reglugerð. Nauðsynlegt er að þarna verði breytingar og ekki er hægt að starfa með núverandi sveiflum í niðurstöðum né heldur með núverandi tölum á afgreiðslu sérfræðinganeftdarinnar. Þannig hefur Landsneti enn ekki borist WACC ákvörðun fyrir árin 2011-2015, en á fundinum kom fram að von væri á henni einhvern næstu daga. Að mati nefndarinnar er einföldun þessa fyrirkomulags afar brýnt viðfangsefni og af fundinum að dæma deilir starfsfólk OS því sjónarmiði, sem nefndin fagnar.
2. Rætt var um vinnu við gerð raforkuspar, en fundarmenn voru almennt sammála um að gera þarf breytingar á núverandi vinnu í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á eðli nýrra stótmotenda. Æskilegt að orkuspáin taki þannig til stærri hluta markaðarins en hún gerir í dag.
3. Mikilvægt er að OS fari vandlega yfir sína verkferla með hliðsjón af breytingum á lagalegri stöðu kerfisáætlunar og auki þar skilvirkni í ljósi mögulegra kærnumála.
4. Þá áréttar nefndin það mat að hógværir styrkir og auglýsingar sem flokkast sem hluti af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækjanna verði viðurkennd sem eðlileg útgjöld við útreikning tekjumarka.
5. Rætt var um gagnaöflun vegna hagræns mats fyrir gerð hagræðingarkröfu. Von mun vera á bréfi frá OS í byrjun júlí, þar sem fyrirtækjunum er gefinn fjögurra vikna frestur til að bregðast við upplýsingum og spurningum um rekstur þeirra. Að mati nefndarinnar er þessi tímasetning algerlega óraunhæf, enda ljóst að í flestum tilvikum verða viðkomandi sérfræðingar í sumarleyfum á þessum tíma.



6. Loks fór fram umræða um skilgreiningu raforkulaga á stórnotendum raforku, sem þarfnast endurskoðunar að mati nefndarinnar.

Að lokum vill nefndin færa starfsfólki raforkueftirlits OS þakkir fyrir samstarfið.

F.h. samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila,



Guðstaf Adolf Skúlason, formaður

 ORKUSTOFNUN

